

Kristlaug Svavarsdóttir
Hjallalundi 9d
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
31. mars 2014
10.5.2
Tilv. _____



Reykjavík, 28. mars 2014
Tilvísun: UST20140300085/ksj

Tillaga að staðsetningu frístundahúss í landi Skeggjabrekku við Ólafsfjarðarvatn

Vísað er til erindis Kristlaugar Svavarsdóttur er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um afstöðumynd þar sem kemur fram áætlun um byggingu sumarhúss í landi Skeggjabrekku við Ólafsfjarðarvatn.

Náttúruminjar

Áætlað sumarhús er staðsett í landi Skeggjabrekku við Ólafsfjarðarvatn. Ólafsfjarðarvatn er svæði nr. 539 á náttúruminjakrá, í skránni segir: „*Vatnið allt ásamt ósi. Strandvatn 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta að sjónrænum áhrifum þegar framkvæmt er nálægt svo sérstæðum náttúruminum, og gæta þess að framkvæmdir falli að umhverfi og að forðast verði allt óþarfa rask.

Fjarlægð frá vatni

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að ekki skuli framkvæma nær ám, vötnum og sjó en 50 metrar og að gæta skuli að aðgengi almennings á ofangreindum svæðum, eða eins og segir í reglugerðinni í gr. 5.3.2.14: „*Skipulag við vötn, ár og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“


Að mati Umhverfisstofnunar er áætlað sumarhús á ofangreindri afstöðumynd því heldur nálægt vatninu og ætti að áætla framkvæmdir 50 m frá vatninu


Fráveita

Mikilvægt er að vandað verði til allrar fráveitu frá áætluðu sumarhúsi, vegna nálægðar við

Ólafsfjarðarvatn. Varðandi fráveitu bendir stofnunin á leiðbeiningar við gerð rotþróa sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Árman Viðar Sigurðsson Deildarstjóri Tæknideildar Fjallabyggðar

